



## 6. ársþing Héraðssambands Vestfirðinga 8. apríl 2006. Haldið á Hótel Ísafirði kl. 10.00

### Fundargerð

1. **Þingsetning.** Ingi Þór Ágústsson formaður HSV setur þingið.
2. **Kosning fyrsta og annars þingforseta.** Tillaga um Rúnar Rafnsson sem fyrsta þingforseta. Samþykkt. Rúnar tekur við stjórn þingsins. Stungið upp á Jens Kristmannssyni sem öðrum þingforseta. Samþykkt. Jens Kristmannsson kveður sér hljóðs um dagskrá þingsins og fundarsköp. Leggur fram tillögu um að dagskrá þingsins verði leiðrétt og hlé gert á þingstörfum á meðan. Til máls tekur Ingi Þór Ágústsson. Orðið laust um tillögu Jens Kristmannssonar. Enginn kveður sér hljóðs. Tillaga Jens borin undir atkvæði og samþykkt. Hlé gert á þingstörfum. Á meðan dagskrá þingsins er breytt og fundarstjóri heldur áfram stjórn fundarins.
3. **Kosning fyrsta og annars þingritara.** Tillaga um Karl Jónsson sem fyrsta þingritara. Samþykkt.
4. **Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.** Tillaga um Sigmund Þórðarson, Marinó Hákonarson og Hilmar Pálsson. Samþykkt og tók nefndin þegar til starfa.
5. **Ávörp gesta.** Til máls tekur Helga Guðjónsdóttir varaformaður UMFÍ.
6. **Álit kjörbréfanefndar.** Sigmundur Þórðarson leggur fram álit kjörbréfanefndar.
7. **Skýrsla stjórnar lögð fram.** Ingi Þór Ágústsson leggur fram skýrslu stjórnar.
8. **Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.** Gunnar Þórðarson leggur fram reikninga sambandsins fyrir árið 2005.
9. **Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.** Til máls taka Guðjón Már Þorsteinsson, Marinó Hákonarson, Hermann Níelsson, Jens Kristmannsson, Guðjón Már Þorsteinsson. Ingi Þór Ágústsson formaður HSV svarar fram komnum fyrirspurnum. Til máls taka Marinó Hákonarson og Hermann Níelsson.

Ingi Þór Ágústsson veitir andsvar. Gunnar Þórðarson framkvæmdastjóri HSV svarar fram komnum fyrirspurnum. Reikningar sambandsins bornir undir atkvæði og þeir samþykktir samhljóða.

**10. Fjárhagsáætlun lögð fram.** Gunnar Þórðarson tekur til máls og leggur fram fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2006. Vísað til fjárhagsnefndar.

Sigmundur Þórðarson tekur til máls fyrir hönd kjörbréfanefndar.

**11. Tillögur lagðar fram.** Ingi Þór Ágústsson leggur fram tillögur stjórnar.

11.1 Lagabreytingar, þingskjal nr. 4. Vísað til lagabreytinganefndar.

11.2 Heiðursviðurkenningar, þingskjal nr. 5. Vísað til allsherjarnefndar.

11.3 Fjárhagsvandi HSV, þingskjal nr. 6. Vísað til fjárhagsnefndar.

Jens Kristmannsson tekur til máls og leggur fram svohljóðandi tillögu: *“Árþing Héraðssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði 8. apríl 2006, samþykkir að vísa tillögu og texta “Framtíðarnefndar”, sem víað var til stjórnar á árþingi 2005 til sérstakrar nefndar 5 manna, sem kosin skal á þinginu.*

*Nefndin skal yfirfara textann og leggja málið að nýju fyrir næsta þing HSV.*

*Nefndin skal sömuleiðis gera tillögur að breytingum á lögum HSV, ef þurfa þykir vegna texta “Framtíðarnefndar”. Merkt sem þingskjal nr. 7 og vísað til allsherjarnefndar.*

**12. Kosning í nefndir.**

12.1 Lagabreytinganefnd, undir stjórn Marinós Hákonarsonar.

12.2 Allsherjarnefnd, undir stjórn Svövu Ránar Valgeirsdóttur.

12.3 Fjárhagsnefnd, undir stjórn Svavars Þórs Guðmundssonar.

Fundarstjóri gerði hlé á þinginu og boðið var til hádegisverðar.

Gunnar Þórðarson tók til máls og kynnti stuttlega stöðu sameiningarmála Vestra, BÍ, Skíðafélasins og KFÍ.

**13. Nefndarstörf.** Annar þingforseti, Jens Kristmannsson tekur til máls og skipar í nefndir. Þinghlé gert og nefndir taka til starfa.

Álit nefnda tekin fyrir:

Lagabreytinganefnd: Marinó Hákonarson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Breytingatillaga við þingskjal nr. 4 lögð fram. Merkt sem þingskjal 4a.

Fjárhagsnefnd: Svavar Þór Guðmundsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Breytingatillaga við þingskjal nr. 6 lögð fram. Merkt sem þingskjal 6a. Ný rekstraráætlun lögð fram, merkt sem þingskjal 3a.

Allsherjarnefnd: Jens Kristmannsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Nefndin leggur fram þrjár tillögur á þingskjölum sem merkt eru 8, 5a og 7a.

**14. Umræður um fjárhagsáætlun.**

Kristján Jóakimsson tekur til máls.

Breytingartillaga á þingskjali 3a samþykkt.

### 15. Umræður og afgreiðsla um tillögur .

Tillaga á þingskjali 4a samþykkt án mótatkvæða.

Lög HSV með breytingum borin upp til atkvæða. Samþykkt án mótatkvæða.

Tillaga á þingskjali 8 samþykkt samhljóða. Tillaga á þingskjali nr. 5a samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali 6a samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 7 samþykkt samhljóða.

Tillaga að dagskrárbreytingu lögð fram. Að liðir 17 og 18 verði teknir framfyrir lið nr. 16 á dagskránni. Samþykkt samhljóða.

### 16. Önnur mál.

Til máls tekur Ingi Þór Ágústsson og veitir heiðursviðurkenningar HSV.

Silfurmerki HSV hljóta Harpa Björnsdóttir, Hermann Níelsson, Þorsteinn Þráinsson, Kristján Pálsson, Gunnar Þórðarson, Kristján Jóakimsson og Sigrún Sigvaldadóttir.

Til máls taka Hermann Níelsson, Guðjón Þorsteinsson. Borin upp tillaga um skipun framtíðarnefndar HSV; Víðir Ólafsson, Guðni Guðnason, Jens Kristmannsson, Gerður Eðvarsdóttir og Þorsteinn Þráinsson. Samþykkt samhljóða.

Til máls taka Sigmundur Þórðarson, Helga Guðjónsdóttir, Gerður Eðvarsdóttir, sem afsalar sér sæti í nefnd framtíðarnefnd sambandsins. Jens Kristmannsson tekur til máls. Stungið upp á Hörpu Björnsdóttur í framtíðarnefndina í staðinn fyrir Gerði. Samþykkt samhljóða.

### 17. Kosningar.

- **Kosning formanns.** Einn aðili í framboði, Ingi Þór Ágústsson, samþykkt samhljóða.

- **Kosning eins stjórnarmanns til eins árs.** Tillaga borin upp um Maron Pétursson. Samþykkt samhljóða.

- **Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára.** Tillaga borin upp um Guðna Ó Guðnason og Jón Pál Hreinsson. Stungið upp á Marinó Hákonarsyni einnig. Kosið milli þriggja tilnefndra aðila um tvö sæti stjórnarmanna til tveggja ára. Guðni 23, Jón Páll 20, Marinó 10, Guðjón Guðjónsson 1 atkvæði. Guðni Guðnason og Jón Páll Hreinsson rétt kjörnir stjórnarmenn til næstu tveggja ára.

- **Kosning þriggja manna í varastjórn.** Gerð er tillaga um Steingrím Einarsson, Ingólf Þorleifsson og Guðjón Þorsteinsson. Samþykkt samhljóða.

- **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.**

- Gerð er tillaga um Guðmund Kjartansson og Fylki Ágústsson. Samþykkt samhljóða. Tillaga um Jóhann Torfason og Jens Kristmannsson sem varamenn. Samþykkt samhljóða.

### 18. Kosning fulltrúa til þings ÍSÍ.

Tillaga gerð um Inga Þór Ágústsson og Guðna Guðnason. Stungið upp á Jens Kristmannssyni. Borin fram frávísunartillaga frá Guðjóni Þorsteinssyni um að lið nr. 18 verði vísað frá þinginu og til stjórnar HSV. Samþykkt. Fjögur mótatkvæði.

**19. Þingslit**

Til máls tekur Ingi Þór Ágústsson og slítur þinginu.